



Velferðarsvið sveitarfélaganna á  
höfuðborgarsvæðinu

## FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Skógarhlíð 6 105 Reykjavík  
sími: 545 8100 frn@frn.is  
stjornarradid.is

Reykjavík 29. september 2020  
Tilv.: FRN20060252/06.32

Efni: Öryggisgæsla og öryggisvistun á höfuðborgarsvæðinu

Félagsmálaráðuneytið vísar til umfjöllunar á samráðsfundi með fulltrúum velferðarsviða á höfuðborgarsvæðinu þann 23. september síðastliðinn. Á fundinum kynntu fulltrúar ráðuneytisins hugmyndir um framtíð og fyrirkomulag öryggisgæslu og öryggisvistunar á Íslandi. Fram kom á fundinum að ráðuneytið vinnur nú að viðamiklum breytingum á þjónustu við þá einstaklinga sem þurfa á slíkri þjónustu að halda. Þær felast m.a. í því að nú er unnið að mótun stefnu er varðar öryggisgæslu og öryggisvistun, breytingum á lagaumhverfi þjónustunnar og uppbyggingu framtíðarhúsnæðis fyrir þá sem þurfa á þjónustunni að halda.

Fram kom á fundinum að framtíðarhúsnæðið fyrir hópinn mun að öllum líkindum ekki vera tilbúið fyrr en í byrjun árs 2023 og er því þörf fyrir húsnæði sem hýst gæti þjónustuna tímabundið.


Ráðuneytið óskar því hér með eftir samstarfi við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu um að þau aðstoði við að útvega húsnæði til leigu fyrir 2 – 3 einstaklinga sem hægt væri að nota fyrir öryggisgæslu og öryggisvistun þangað til nýtt húsnæði verður tilbúið. Gert er ráð fyrir því að húsnæðið geti verið allt að 150 m<sup>2</sup> að stærð og fullnægi almennum viðmiðum um aðgengi og frágengi í þjónustu af þessu tagi.

Ráðuneytið óskar eftir tillögum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um húsnæði sem gæti hentað undir starfsemi af þessu tagi fyrir 20. október næstkomandi.

Frekari upplýsingar veitir Þór Garðar Þórarinnsson, thor.thorarinsson@frn.is

Fyrir hönd félags- og barnamálaráðherra

  
Erna Kristín Blöndal

  
Þór G. Þórarinnsson